

Árið 2007, mánudaginn 27. ágúst kom áfrýjunardómstóll Íþróttar- og Ólympíusambands Íslands saman á skrifstofu dómsins í Laugardal.
Dóminn skipa Jón G. Zoega, Snorri Olsen og Björgvin Þorsteinsson.

Fyrir er tekið:

**Mál nr. 2/2007:
Handknattleiksdeild ÍR
gegn
Handknattleikssambandi Íslands**

Lagt er fram:

Nr. 1 Áfrýjun ásamt undirréttarskjölum og dóumum.

Nr. 2 Bréf HSÍ dags. 24. ágúst 2007.

Kl. 17:30 mæta fyrir dómi fulltrúar aðila Daníel Isebarn Ágústsson og Davíð B. Gíslason. Fulltrúar aðila gerðu grein fyrir kröfum sínum og sjónarmiðum.

Var nú uppkveðinn svohljóðandi dómur:

Mál þetta hefur verið tekið fyrir á tveimur dómtigum. Áfrýjunardómstóll HSÍ er æðsti dómistóll innan handknattleikshreyfingarinnar hér á landi. Dómum hans verður ekki skotið til þessa dómstóls nema það hafi gildi fyrir íþróttahreyfinguna í heild.

Það er álit dómsins að mál þetta hafi ekki slíkt almennt gildi. Ber því samkvæmt framansögðu að vísa máli þessu frá áfrýjunardómstól ÍSÍ.

DÓMSORÐ

Máli þessu er vísað frá áfrýjunardómstól ÍSÍ.

Jón G. Zoega (sign)
Björgvin Þorsteinsson (sign)
Snorri Olsen (sign)